



Skrifstofa Alþingis
nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014
Tilvísun: HI14100063/0.3

Vísað er til tveggja þingsályktunartillagna er varða internetið er Háskóla Íslands hafa borist til umsagnar. Annars vegar þingskjal 16 - 16. mál, um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins, og hins vegar þingskjal 28 - 28. mál um jafnt aðgengi að internetinu. Farið hefur verið yfir efni ályktananna á vettvangi stjórnsýslu Háskóla Íslands.

Tekið er undir þá ályktun (28. mál) að á vegum ríkisstjórnar verði unnin aðgerðaáætlun um jafnt aðgengi allra landsmanna að internetinu óháð búsetu og fjárhag. Bent er á að mikilvægt er að Háskóli Íslands komi að þeirri vinnu og jafnframt Rannsókn- og háskólanet Íslands hf. (RHnet), sem er félag í eigu háskóla og rannsóknastofnana, undir forystu Háskóla Íslands. Tilgangur RHnets er einkum að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu fyrir rannsóknastofnanir og háskóla, að eiga hlutdeild að alþjóðlegum netum rannsóknastofnana og háskóla og að stuðla að sem hagkvæmastri uppbyggingu tölvunets um landið í þágu menntunar og rannsókna. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leita leiða til að stuðla að skipulegri uppbyggingu og um leið greiðari/óðýrari aðgangi að fjarskiptatengingum um landið allt (sem og til útlanda) í þeim tilgangi að bæta aðstöðu einstaklinga, stofnana og fyrirtækja í þágu menntunar, rannsókna og framþróunar samfélagsins.

Hvað varðar tillögu (16. mál) um að skipaður verði starfshópur til að móta stefnu um að skapa vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni, ásamt því að verja réttindi netnotenda, er mikilvægt að farið sé yfir það málefni og þá m.a. með það í huga hvort æskilegt sé að móta um það stefnu. Ef ákveðið verður að mynda starfshóp er mikilvægt að Háskóli Íslands fái fulltrúa í slíkan starfshóp og jafnframt að þar verði fulltrúi frá Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint er við brugðist.

F.h. Háskóla Íslands,
virðingarfyllst,

Þórður Kristinsson
sviðsstjóri kennslusviðs